

SJÖSTRAND FYRIRTÆKJAVÉL - LEIÐBEININGAR

DAGLEG UMHIRÐA

- Skolið í gegnum vél með vatni, gert með því að velja stóran bolla án þess að setja hylki í vélina.
- Tæmið og skolið hylkjaskúffu þegar vél óskar eftir því, eða þegar þörf er á.
- Tæmið og skolið dropabakka.
- Ef flóunarstútur er notaður skal skola úr honum eftir hverja notkun og þurrka af honum. Hann er skolaður og hreinsaður með því að sprauta úr honum í 2-3 sek.

UMHIRÐA VIÐ ÞJÓNUSTUHEIMSÓKN

- Þrifakerfi keyrt í gegnum vél með sérstökum hreinsihylkjum.
- Vél afkölkuð þegar þörf er á því.
- Þrif á vél, dropabakka, hylkjaskúffu.
- Tryggt að öll virkni sé eðlileg.

MÖGULEGAR STILLINGAR

- Stillanlegar bollastærðir á öllum tökkum
- Hitastig á hvorum kaffistút fyrir sig
- Þrýstingur á flóunarstút
- Hvort vélin er keyrð á vatnstengingu eða vatnstanki
- Fjöldi hylkja í hylkjaskúffu áður en vél gefur merki um að tæma
- Pre-infusion fyrir lengra komna



EINFÖLD VANDMÁL SEM GETA KOMIÐ UPP

- Fast hylki

Ná þarf hylkinu upp eða ýta því niður áður en næsta hylki er sett í. Það er einfaldast að gera með t.d. öfugum enda á teskið.

- Hylki brotnar / opnast

Athuga hvort einhverjar leifar af hylkinu sitja enn í vél. Mikilvægt er að skola vel í gegnum vél áður en næsta hylki er sett í svo korgur berist ekki í næstu bolla. Það er gert með því að smella á stóran bolla án þess að setja kaffihylki í og endurtaka eftir þörf, þar til vatn er tært.

- Lítil prýstingur

Skolið í gegnum vél með vatni til að ná upp prýstingi, það er gert með því að smella á stóran bolla án hylkis. Ef ekki verður bót á skal hafa samband við Sjöstrand.

- E001, E002, E004

Slökkva á vél og kveikja aftur eftir 10 sekúndur. Skola bolla í gegnum vél með vatni, það er gert með því að smella á stóran bolla án hylkis. Ef ekki verður bót á skal hafa samband við Sjöstrand.

- Ekkert vatn dælist inná vél frá vatnstengingu

Auðvelt er að skipta vél yfir á vatnstank, stilling sem þarf að framkvæma í samtali við Sjöstrand. ATH. Ekki er leyfilegt að bæta vatni á vatnstank ef vél er stillt á vatnstengingu.

HAFSA SAMBAND

Ekki hika við að hafa samband ef spurningar vakna eða vandamál koma upp.
sjostrand@sjostrand.is / viktor@sjostrand.is / 868-4567

